

## Skýrsla

um óborguð landsgjöld í

sýslu (umboði) haustið 18

| Nöfn og heim-<br>ili gjaldþegna | Hvaða<br>gjald. | Hvað skuldin er<br>mikil. |      | Rjettur<br>gjaldddagi. | Hvenær<br>lögtafs-<br>skipunar<br>hefir verið<br>beðizt. | Hvenær<br>lögtafs-<br>skipunin<br>er dag-<br>sett. | Hvenær<br>lögtafs-<br>skipunin<br>hefir verið<br>send<br>hrepptj. | Hvenær<br>lögtaf<br>hefir farið<br>fram. | Hvenær<br>uppbót á<br>hinum lög-<br>teknu<br>munum<br>hefir verið<br>auglýst. | Hvenær<br>uppbótið<br>hefir fram<br>farið. |
|---------------------------------|-----------------|---------------------------|------|------------------------|----------------------------------------------------------|----------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------|------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------|
|                                 |                 | Kr.                       | Aur. |                        |                                                          |                                                    |                                                                   |                                          |                                                                               |                                            |
|                                 |                 |                           |      |                        |                                                          |                                                    |                                                                   |                                          |                                                                               |                                            |

## Auglýsing

52

18. maí.

um ríkisskuldabréf, er upp má segja.

Með því að ýmsir almennir sjóðir og stofnanir hjer á landi eiga talsvert fje inni í ríkissjóðnum samkvæmt skuldabréfum, er upp má segja, og sem goldnir eru af ýmist 4% 3<sup>1</sup>/<sub>2</sub>% eður 3% í árlega vöxtu, skal öllum hlutaðeigöndum hjer með bent á, að slík skuldabréf munu, ef þess er farið á leit við fjárhagsstjórn ríkisins, verða borguð úr ríkissjóði með fullri upphæð þeirri, er þau hljóða upp á, og má þá aptur fyrir hana kaupa 4% konungleg skuldabréf með vaxtaklippingum, fyrir hið lægra söluverð, sem vera mun á þeim.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 18. maí 1876.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.

— *Brief landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um tóbakstoll.* — Með **53**  
brjefi frá 6. þ. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að samkvæmt tollseðli **23. maí.**  
skipsins Valdemars hafi verið flutt hingað 59 pnd. af tóbaki framyfir það, sem viðtakend-  
ur tóbaks þessa vilja kannast við, að þeir hafi meðtekið, og hafið þjer spurt, hvernig  
þjer í þessu efni skulið haga yður.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þar sem vöruskrá sú, eða  
tollseðill, sem hvert kaupskip á að hafa meðferðis, er samkvæmt 3. gr. laganna frá 11.  
febr. þ. á. aðalskjalið, sem fara á eptir, þegar spurning er um, hvað mikið tóbakið sje,  
sem inn er flutt, en skýrsla viðtakendanna aðeins getur gefið vissu fyrir, að eigi hafi  
verið flutt meira tóbak inn, enn það sem tilgreint er á vöruskránni, og með því að kaup-  
maður sá, sem inn hefir flutt tóbak það, er hjer ræðir um, mun, þá er tóbakið var flutt  
frá Danmörku hafa átt kost á að fá lagfært það, sem kynni að hafa verið misritað á  
tollseðlinum og sem tolluppbót sú, er hann mun hafa fengið við útflutninginn, mun hafa  
verið reiknuð eptir, verður að greiða toll hjer á landi af hinni sömu upphæð, nema því  
að eins, að viðtakandi geti sannað, að tóbak það, sem vantar, hafi verið flutt úr skipinu  
eða glatazt á leiðinni, áður en skipið tók land hjer.